

Nd.

1037. Frumvarp til laga

[520. mál]

um frjálsa vöruflutninga á sjó vegna varna Íslands.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Flutningar vöru á sjó, ef um aðrar vörur en olíu og hergögn er að ræða, til Íslands og frá landinu fyrir varnarlið á Íslandi skulu vera frjálsir.

Í þeim efnum skal ekkert erlent skipafélag njóta sérréttinda um fram íslensk skipafélög. Skal sú meginregla gilda að kaupskipaútgæðir annist þessa flutninga í samræmi við siglingatíðni hvers þeirra, að því tilskildu að verð, greiðslukjör og þjónusta einstakra útgerða séu sambærileg.

2. gr.

Utanríkisráðuneytið skal gæta þess að framangreindri meginreglu sé fylgt. Í því sambandi getur ráðuneytið krafist eintaks af farmskrám þeirra skipa sem flytja vörur fyrir varnarliði til landsins eða frá landinu. Skal þeim aðilum, sem annast tollafgreiðslu skipa, vera skylt að láta farmskrár þessar í té eða ljósrit þeirra ef þess er óskað.

3. gr.

Nú telur utanríkisráðuneytið að ákvæði 1. gr. hafi verið brotin. Getur ráðuneytið þá krafist þess að synjað verði um tollafgreiðslu skipa sem flytja til landsins eða frá því vörur gagnstætt þessum lögum.

Utanríkisráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr. laganna á ófriðartímum.

4. gr.

Synjun skv. 3. gr. skal vera tímabundin og aldrei lengri en 30 dagar frá komu skips til Íslands eða þeim degi þegar skip var búið til brottfarar frá landinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið og lagt fram vegna þess að bandarískt skipafélag hefur hafið reglubundnar siglingar til Íslands í skjóli bandarískra laga frá 1904 sem áskilja skipum þess lands einkarétt til flutninga fyrir varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna.

Slíkur einkaréttur er í ósamræmi við réttarvitund íslensku þjóðarinnar og veruleg skerðing á hagsmunum hennar. Er nauðsynlegt að grípa til löggjafar í því skyni að tryggja hagsmuni og öryggi landsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar lúta að því að siglingar skuli vera frjálsar hvað varðar flutninga á almennum vörum til varnarliðsins á Íslandi.

Um 2. gr.

Einhver opinber aðili verður að hafa með höndum og hafa aðstöðu til þess að fylgjast með því að meginreglu 1. gr. verði fylgt. Eðli málsins samkvæmt þykir rétt að það verkefni verði falið utanríkisráðuneytinu þar sem það ráðuneyti fer með öll mál er varða varnarsamninginn milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins. Kvörtunum aðila um misrétti, ef upp kæmi, mundi því verða beint til Atlantshafsbandalagsins.

Samkvæmt lögum um tollheimtu og tolleftirlit þarf hvert skip sem til landsins kemur og þaðan fer að fá tollafgreiðslu og er þá skylt að afhenda farmskrá er greinir allar vörur um borð í skipinu, sendendur og viðtakendur.

Þótt farmskrá verði ekki fullkomin sönnum um það hvort um brot á meginreglu 1. gr. sé að ræða má fá af henni veigamiklar upplýsingar sem grundvöll frekari rannsóknna ef með þarf.

Um 3. gr.

Þess er vænst að ekki þurfi að beita viðurlögum í þeim tilgangi að tryggja framkvæmd meginreglu 1. gr. Hins vegar þykir tryggara að hafa þann möguleika í lögum að geta beitt aðhaldi til að koma í veg fyrir brot á lögum þessum.

Þykir eðlilegast að það aðhald verði með þeim hætti sem ráð er fyrir gert í greininni. Rétt þykir að gefa möguleika á undanþágum vegna aðstæðna sem upp geta komið á ófriðartímum.

Um 4. gr.

Rétt þykir að takmarka tímabilið sem heimilt er að neita skipi um tollafgreiðslu svo sem gert er í greininni.